

Nd.

62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:
Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignast hefur hús á starfssvæði sínu eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, sé honum þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

Uppsögn á húsnæði, sem heimil væri eftir 1. málsg., en fram hefur farið fyrir gildistöku þessara laga, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) metið gilda, enda hafi uppsögn miðast við 14. maí 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum hlutaðeigandi ráðuneytis, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Landlæknir hefur skýrt ráðuneytinu svo frá, að læknir, sem veitt hafi verið héraðslæknisembætti á síðastliðnu hausti, hafi, eftir að hann tók við embætti sínu, verið að kalla má húsnæðislaus með fjölskyldu sína, lækningastofu og lyfjabúð. Til þess að ráða bót á þessu ástandi hafi héraðslæknirinn neyðzt til að kaupa hús, í fullu trausti þess, að leigjendur hússins mundu vikja 14. maí n.k. Þar sem trygging hafi ekki fengist fyrir því, að héraðslæknirinn komist inn í hús sitt á næsta flutningsdegi, beri nauðsyn til, bæði vegna héraðslæknisins og héraðsbúa, að húsaleigulögum verði breytt þannig, að aðfluttum opinberum starfsmönnum leyfist að segja upp leigusamningum, enda þótt þeir hafi eignast hús eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941.

Ráðuneytið er sömu skoðunar og landlæknir um, að nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á húsaleigulögum, enda er hún í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 126/1941, þar sem húsaleigunefnd er heimilað að leyfa húseiganda að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Ráðuneytið hefur borið frumvarp þetta undir húsaleigunefndina í Reykjavík, og er hún því samþykkt.